

REGLUGERÐ

um holræsagerð í Mosfellshreppi.

159

10. ágúst

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við og í holræsið geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið ásamt rigningarvatni, ef hægt er að koma því við. Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frests, sem hreppsnefnd setur, getur hún látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem aðalholræsi hreppsins varða, svo sem viðhald, endurbætur og umsjón alla annast hreppsnefnd eða maður, sem hún felur það. Þóknun fyrir þau störf og einnig fyrir reikningshald eða annað vegna holræsagerðarinnar ákveður hreppsnefnd.

Engum er heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi ofangreindra aðila, og er mönnum skylt að hlíta fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það, er máli skiptir í sambandi við það.

3. gr.

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr hreppssjóði. Til þess að standast þann kostnað, ber hverjum húseiganda, sem á hús að eða í námunda við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi er lagt í, að greiða tengigjald um leið og hann tengir ræsi við aðalræsi, er nemur 2% af fasteignamati hússins en þó ekki lægra en kr. 750.00 miðað við hús með einni íbúð. Hækkar gjald þetta um kr. 375.00 fyrir hverja íbúð í húsi umfram eina.

Nú eru hús sambyggð, en aðskilin með brunagöflum, og telst þá sérstakt hús sá hluti, sem er milli brunagafla. Ef fleiri íbúðir en ein eru í húsi og íbúðir séreign, skal heildarupphæð tengigjaldsins skiptast milli eigenda íbúðanna hlutfallslega eftir tölu íbúðanna, er þeir eiga.

Auk tengigjalds greiði hver húseigandi árlega í holræsagjald til hreppsins 15 af þúsundi af fasteignamati húsa, en þó ekki lægra en kr. 300.00 miðað við hús með einni íbúð, og hækkar gjaldið um kr. 150.00 fyrir hverja íbúð umfram eina.

4. gr.

Hið árlega holræsagjald, sem og tengigjaldið, getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

5. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu tengigjalds og holræsagjalds gagnvart hreppsnefnd. Kröfur, sem hreppsnefnd kann að öðlast samkv. 1. og 3. gr., má taka lögtaki á kostnað gjaldanda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalds er 1. jan. ár hvert.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00, nema þyngri refsing liggir við að lögum.

159 Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra
10. ágúst mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Mosfellshrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1960.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Helgi Helgason.

160
11. ágúst

REGLUGERÐ

um útbúnað þorska- og ýsuneta úr gerviefnum.

1. gr.

Við veiðar með þorska- eða ýsunetum úr gerviefnum, er óheimilt að nota kúluhanka eða önnur flottengsl úr öðru efni en óbikaðri eða ólitaðri sisallínu, sem ekki sé gildari en 5 mm að þvermáli.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins, til að öðlast gildi 1. janúar 1961 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 11. ágúst 1960.

Bjarni Benediktsson.

Jón Sigurðsson.

161
15. ágúst

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Garðahrepps.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um allt lögsagnarumdæmi Garðahrepps, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

2. gr.

Hreppsnefnd Garðahrepps fer með stjórn vatnsveitunnar, sem er eign Garðahrepps.

Hreppsnefnd skipar vatnsveitustjóra, sem annast daglegan rekstur vatnsveitunnar, svo og aðra starfsmenn eftir því, sem þörf krefur.

3. gr.

Hreppsnefnd hefur einkasölu á vatni á því svæði, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.